

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-50/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 17. júlí 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna bilunar í bifreið sem Y, hér eftir seljandi, hefur umboð fyrir hér á landi. Álitsbeiðandi segir að bifreiðin sé haldin galla og seljandi greiði henni fjárhæð sem samsvari til söluverðs bifreiðarinnar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 29. júlí 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. desember 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Kia Sorento, árgerð 2007, þann 17. ágúst 2017 fyrir 1.550.000 krónur af einstaklingi að nafni Z. Bifreiðin var tíu ára og hafði verið ekin 160.000 km á kaupdegi. Bifreiðin hafði árið 2007 verið seld af félaginu Þ til einstaklings og var bifreiðin síðar í eigu seljanda frá 15. mars 2013 til 27. júní 2013.

Snemma árs 2019 segir álitsbeiðandi að þörf hafi verið á að skipta um spíssa í bifreiðinni. Fór álitsbeiðandi því með bifreiðina á verkstæðið GB bílar. Þegar bifvélavirkinn hafði skipt um spíssa keyrði hann bifreiðina og tók eftir því, samkvæmt álitsbeiðni, að „það sótar, [gaf] bílnum inn, þá fer að heyrast bankhljóð í vélinni“. Bifreiðin fór ekki í gang aftur og var færð til skoðunar á bifreiðaverkstæðinu Æ. Í gögnum frá verkstæðinu, dags. 15. apríl 2019, kemur fram að við skoðun hafi spíssar verið í lagi. Olía var svo „töppuð af motor og var svarf í henni“. Einnig sást mikið svart í olíupönnu og var „olíupikkuppið stíflað af svarfi. Vél úrbrædd á stangarlegu mjög líklega.“ Bifreiðinni hafði þá verið ekið 182.949 km. og greiddi álitsbeiðandi 53.568 krónur fyrir bilanagreininguna.

Álitsbeiðandi fékk í kjölfarið þær upplýsingar frá seljanda að kostnaður við nýja vél ásamt vinnu væri áætlaður um 1.400.000 krónur en álitsbeiðandi segir söluverð bifreiðarinnar hafa verið um 1.000.000 krónur. Hefur álitsbeiðandi nú afskrifað bifreiðina og gefið hana þar sem seljandi hafnaði því að taka þátt í viðgerðarkostnaði.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla þar sem þéttleiki spíssanna hafi leitt til þess að óhreinindi stífluðu upptöku olíu úr olíupönnu án aðvörunar. Að mati álitsbeiðanda á ákvæði 4. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup við í málinu. Þar segir að neytandi glati ekki rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla, þrátt fyrir að tilkynningarfrestur sé liðinn, ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú. Hafi því ekki áhrif að sögn álitsbeiðanda þrátt fyrir að meira en fimm ár séu liðin frá því að bifreiðin var seld í upphafi. Því til stuðnings bendir álitsbeiðandi á að um þekkt vandamál sé að ræða í þessari tegund

bifreiða samkvæmt upplýsingum frá sérfróðum aðilum og að bifreiðin hafi verið innkölluð af þeim sökum.

Gerir álitseiddandi kröfu um að seljandi bæti sér það tjón sem hún hafi orðið fyrir, sem samsvarar ætluðu söluverði bifreiðarinnar að fjárhæð 1.000.000 krónur.

IV

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitseiddandi bifreiðina XX-000 af einstaklingi þann 17. ágúst 2017 en bifreiðin var upphaflega seld ný árið 2007. Vél bifreiðarinnar gaf sig í apríl árið 2019 þegar bifreiðin var um 12 ára og hafði verið ekið 182.949 km. Álitseiddandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla og krefst þess að seljanda verði gert að bæta henni tjón sitt með greiðslu á áætluðu söluverði bifreiðarinnar að fjárhæð 1.000.000 krónur.

Kæruneftndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Sem fyrr segir kvartaði álitseiddandi undan galla við seljanda um 12 árum frá því að bifreiðin var upphaflega seld af fyrirtæki tengdu seljanda, og um sex árum frá því bifreiðin var í eigu seljanda árið 2013. Af því leiðir að frestur álitseiddanda til að bera fyrir sig framleiðslugalla á bifreiðinni er liðinn. Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. nkpl. glatar neytandi hins vegar ekki rétti til að bera fyrir sig galla þrátt fyrir framangreinda tímafresti ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú. Slík háttsemi af hálfu seljanda verður að tengjast meintum galla á söluhlut svo ákvæðið eigi við en ákvæðið nær einkum yfir galla sem rekja má til atvika sem seljandinn vissi um, eða gat ekki verið ómeðvitaður um, en skýrði neytanda ekki frá.

Kæruneftndin telur að gögn málsins sýni ekki að seljandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða hegðun sem fer gegn heiðarleika eða góðri trú. Var kvörtunarfrestur álitseiddanda vegna galla, á hendur seljanda, því liðinn þegar vél bifreiðarinnar gaf sig í apríl 2019.

Er kæruneftndinni ekki annað fært en að hafna kröfu álitseiddanda.

V

ÁlitSORð

Kröfu álitseiddanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson